

D ó m s o r ð:

Ákærði Benóný Guðjónsson greiði sekt kr. 100.000,00 í Landhelgis-sjóð Íslands, og komi varðhald í 75 daga til afplánunar sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu.

Öll veiðarfæri m.b. Jóns Gunnlaugs GK 444, skulu vera upptæk til Landhelgissjóðs Íslands svo og allur afli veiðiferðar bátsins er lauk 9. apríl 1985.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jónasar Haraldssonar hdl., kr. 2.500,00.

Miðvikudaginn 18. desember 1985.

Nr. 209/1985. **Ákæruvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Hrólfí Ólafssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Fiskveiðibrot. Lögvilla.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinum áfrýjaða dómi var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða 3. maí 1985, en af hálfu ákæruvalds er málinu einnig áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 24. október 1985.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur Guðjón Ármann Eyjólfsson, skólastjóri Stýrimannaskólans í Reykjavík, markað á sjóuppdrátt staðarákvarðanir varðskipsmanna samkvæmt ratsjarmælingum þeirra við hlið v/b Hauks Böðvarssonar ÍS 847, kl. 1040. Í greinar-gerð skólastjórans, dags. 9. desember 1985, segir svo:

„Einnig hefi ég sett út lóranathugun varðskipsins, sem var gerð samtímis og athugun með miðun og fjarlægð til Stafness kl. 1040

og falla þær athuganir nær saman og eru merktar Lóran og ©1040 í sjókortið. Kortið er merkt einkennisstöfum HAUKS BÖÐVARSSONAR ÍS 847, en einnig er bannsvæði, suður- og norðurmörk þess, og útsetningarpunktur minn merktur í sjókortið.

Niðurstaða þessar athugana og útsetninga er:

Kl. 1040 - Staður ÍS 847 64° 00'7 N.brd. og 22° 55'8 V.lgd. Kl. 1040 er m/b HAUKUR BÖÐVARSSON ÍS 847 2,4 sjómílar innan við suðurmörk bannsvæðisins.

Eins og fram kemur á fylgiskjali nr. 2 og ennfremur með tilliti til þess, að ákærði, skipstjórinn á ÍS 847, gerði engar athugasemdir við skýrslu skipherrans, staðarákvarðanir og útsetningar í framlagt sjókort nr. 31, *tel ég staðsetningar varðskipsins við hlið v/b HAUKS BÖÐVARSSONAR ÍS 847, innan bannsvæðisins kl. 1040 h. 9. apríl 1985 óyggjandi réttar.*

Fylgiskjal 2, sem til er vísað í álitserðinni, er sameiginlegar athugasemdir varðandi staðarákvarðanir v/s Týs við hlið v/b Hauks Böðvarssonar og fjögurra annarra togskipa, sem voru að veiðum á sama tíma á sama svæði. Er ekki ástæða til að rekja efni þess, en niðurstaðan staðfestir mælingar varðskipsmanna og að togskipin hafi öll verið á svæði, þar sem togveiðar voru bannaðar.

Hinn 21. október 1985 var háð framhaldsrannsókn í sakadómi Reykjavíkur varðandi verðmæti afla og veiðarfæra m/b Hauks Böðvarssonar ÍS 847.

Samkvæmt mælingum skipstjórnarmanna á v/s Tý, framan-greindri álitserð Guðjóns Ármanns Eyjólfssonar og játningu ákærða telst sannað, að hann hafi verið að botnvörpuveiðum árdegis 9. apríl 1985 á svæði, þar sem allar togveiðar voru bannaðar frá og með nefndum degi til og með 15. maí 1985. Hefur ákærði með þessu brotið gegn þeim lagaákvæðum, sem í ákæruskjali greinir.

Samkvæmt vottorði Seðlabanka Íslands, dags. 12. desember 1985, jafngilda 100 gullkrónur 2.068,20 seðlakrónum. Samkvæmt alþjóða-mælibréfi er v/b Haukur Böðvarsson ÍS 847 19,84 metrar á lengd og 57,42 rúmlrestir brúttó.

Brot ákærða er fært til réttra refsíákvæði í hinum áfrýjaða dómi. Ákvæði 3. greinar reglugerðar nr. 129/1985 bannaði fortakslaust

togveiðar frá og með 9. apríl 1985 á svæði því, þar sem ákærði var að veiðum. Hvorki reglugerðarákvæðið sjálft né fréttatilkynning sjávarútvegsráðuneytisins, svo sem hún birtist í fjölmiðlum eftir því sem upplýst er í málinu, veitti ákærða ástæðu til að ætla, að bannið tæki gildi á öðrum tíma en við upphaf þess dags. Eru ekki skilyrði til að beita 3. tl. 74. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940 við ákvörðun refsingar hans. Verður refsingin ákveðin 100.000,00 króna sekt, er renni í Landhelgisjód Íslands, og komi 2 mánaða varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Hauks Böðvarssonar ÍS 847, svo og ákvæði dómsins um sakarkostnað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hrólfur Ólafsson, greiði 100.000,00 króna sekt til Landhelgisjóðs Íslands, og komi varðhald í 2 mánuði í stað sektar, verði hún ekki goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku afla og veiðarfæra v/b Hauks Böðvarssonar ÍS 847, þar með taldir dragstrengir, svo og ákvæði um greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera öröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til rikissjóðs, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarphéðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 11. apríl 1985.

Ár 1985, fimmtudaginn 11. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara sem dómsformanni og meðdómsmönnum Karli Magnússyni og Sigurði Þórarinssyni

skipstjórum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 205/1985: Ákærvaldið gegn Hrólfi Ólafssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið var höfðað með ákæru, dagsettri í gær „á hendur Hrólfi Ólafssyni, skipstjóra, Stórholti 7, Ísafirði, fæddum þar í bæ 23. apríl 1954, fyrir fiskveiðibrot, með því að hafa árdegis þriðjudaginn 9. apríl 1985, sem skipstjóri á togskipinu Hauki Böðvarssyni ÍS 847 skipaskrárnúmer 1686, sem er 57,42 brúttórúmllestir og 19,84 lengdarmetrar, verið á botnvörpuveiðum á skipinu undan Stafnesi, á svæði innan fiskveiðilandhelginnar þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tímabilinu frá og með 9. apríl 1985 til og með 15. maí 1985.

Brot ákærða telst varða við 2. mgr. 2. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81, 1976, sbr. 3. gr. reglugerðar um bann við veiðum í mars og apríl og um sérstök línu- og netasvæði út af Suðurvestrurlandi og Faxaflóa nr. 129, 20. mars 1985, sbr. 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299, 1975, sbr. lög nr. 44, 1948, og lög um breyting á þeim lögum nr. 45, 1974.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar samkvæmt 1. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. nefndra laga nr. 81, 1976, til að sæta samkvæmt 3. mgr. 17. gr. sömu laga upptöku á veiðarfærum skipsins þar með töldum öllum dragstrengjum, svo og öllum afla innanborðs, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Síðastliðinn þriðjudag var varðskipið Týr á eftirlitsferð vestur af Stafnesi og kom þá að m.b. Hauki Böðvarssyni ÍS 847, þar sem hann „var að ólöglegum togveiðum inn á svæði, norðan við línu, sem er lokað fyrir togveiðum og að sunnanverðu afmarkast af línu sem dregin er r/v 270° frá Stafnesvita.“ Ákærði var skipstjóri á bátnum og Helgi Hallvarðsson skipherra varðsupsins. Í skýrslu skipherrans segir, að nánari atvik hafi verið þessi:

„Þriðjudaginn 9. apríl 1985 er varðskipið var á eftirlitsferð úti af Sandgerði, var um kl. 1040 komið að M/B HAUKI BÖÐVARSSYNI ÍS 847 sem togaði með skutvörpu í sjó.

Kl. 1040 var gerð eftirfarandi staðarákvörðun við hlið bátsins: Stafnes r/v 116° fj. 5.2 sml. dýpi 84 m, Loran 64°00'78 N. 22°55'89 V., sem gefur stað bátsins um 2.2 sml. inni á lokaða svæðinu.

Kl. 1110, var bátnum sagt að hífa inn vörpuna þar sem hann væri að ólöglegum veiðum og sagt að halda til hafnar þar sem lögð yrði fram kæra á hendur honum.

Mælingarnar voru gerðar af skipherra og yfirstýrimanni á SPERRY MK-16 3 cm ratsjá, sem er tengd Sperry-gyroáttavita. Lausi fjarlægðarhringurinn var borinn saman við föstu fjarl.- hringina og reyndist réttur, miðunarlína var borin saman við gyroáttavita og reyndist rétt.

Veður: S-4. Sjór 3. Loft skýjað.“

Vitnið Helgi Hallvarðsson skipherra, til heimilis Lyngheiði 16, Kópavogi, fæddur 12. júní 1931 í Reykjavík, mætti við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins samdægurs kl. 17:10. Vitnið lagði þá fram skýrslu sína, úrklippu úr sjókorti nr. 31 og ljósrit af fréttatilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins, dagsetta 20. f.m., ásamt korti af bannsvæðum. Á sjókortið voru markaðir staðir varðsupsins og bátsins. Vitnið upplýsti, að Halldór Gunnlaugsson, 2. stýrimaður varðsupsins, hefði sett staðina í kortið, en vitnið og yfirstýrimaðurinn, Ólafur Valur Sigurðsson, hefðu gengið úr skugga um, að það væri rétt gert.

Kl. 18:33 gaf skipherrann frekari skýrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins að gefnu tilefni vegna framburðar ákærða, sbr. síðar. Þá bar vitnið, að það hefði verið um eða skömmu eftir kl. 09:00 um morguninn, að varðskipið hefði komið á svæðið. Varðskipsmenn hefðu þá strax veitt athygli 3 bátum á friðaða svæðinu. Tölvubúnaður varðsupsins sýndi, að bátarnir voru allir kyrrstæðir. M/b Haukur Böðvarsson hefði ekki verið einn af þessum bátum. Um sinn var öðrum bátum ekki veitt nein sérstök athygli. Einn bátanna hefði verið Sigurjón GK. Er vitnið veitti því athygli, að hann var byrjaður að toga, hefði vitnið sent tvo stýrimenn um borð ásamt tveim hásetum. Vitnið hefði hins vegar beint athygli sinni að hinum bátunum tveim og gert viðeigandi mælingar á þeim, þar sem þeir voru einnig á togveiðum. Varðskipið hefði á þessum tíma verið á hinu friðaða svæði. „Nánast um leið, eða skömmu eftir að við á Tý fórum að snúast í þessum tveim bátum, sem voru Geir Goði og Jón Gunnlaugsson“, sagði einn stýrimanna skipherrans: „Það eru tveir bátar að koma togandi til okkar.“ Reyndust þetta vera Haukur Böðvarsson og Guðfinna Steinsdóttir. Vitnið sagði að lokum, að þetta hefði verið ein af ástæðum þess, að báti ákærða „var ekki sinnt“ fyrr en raun varð á.

Skipherrann, Helgi Hallvarðsson, kom fyrir dóm í dag og vann eið að framburði sínum. Í dóminum var vitninu kynnt frumskýrsla þess ásamt sjókorti svo og tvær framburðarskýrslur hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið staðfesti frumskýrsluna svo og að staður báts ákærða væri færður inn á sjókortið í samræmi við skráðar mælingar á skýrslunni. Vitnið bar, að Halldór Gunnlaugsson, 2. stýrimaður, hefði sett út í kortið, en vitnið hefði gengið úr skugga um, að það var rétt gert. Ákærða hefði verið sagt að fara til hafnar, og var honum gefið sjálfðæmi um, hvar hann tæki land. Vitnið áréttaði, að varðskipið hefði komið á umrætt svæði um kl. 09:00 um morguninn. Um nóttina hefði varðskipið verið norðar og utar.

Vitnið Halldór Gunnlaugsson, 2. stýrimaður, til heimilis Álfaskeiði 88, Hafnarfirði, fæddur 15. mars 1944 í Reykjavík, kom fyrir dóm í dag. Vitnið kvaðst ekki hafa átt beinan þátt í að staðsetja skip ákærða. Skip-

herrann og yfirstýrimaðurinn hefðu gert það, en vitnið síðan fært staðinn inn á framlagt sjókort undir umsjón skipherrans. Vitnið staðfesti, að það hefði verið gert í samræmi við skráðar mælingar í skýrslu skipherrans. Vitnið hefði verið á vakt frá því kl. 04:00 aðfaranótt 9. þ.m. og fram til kl. 08:00 um morguninn. Varðskipið hefði þá verið syðst og vestarlega á svæðinu. Var látið reka alla vaktina. Þá hefðu verið á.m.k. 12 skip á milli varðsupsins og lands og ein þrjú utar eða dýpra. Fjarlægðin til skipanna hefði verið það mikil, að þau sáu stæpast í ratsjá.

Ákærði kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins kl. 17:30 9. þ.m. Ákærði gerði þá enga athugasemd við kærugögn Landhelgisgæslunnar. Ákærði kvað skýrslu skipherrans vera rétta, bæði staðarákvörðun og önnur atriði, hann hefði verið á veiðum á hinu friðaða svæði. Ákærði kvaðst hafa komið á veiðisvæðið sl. laugardagsmorgun. Þá voru þar fyrir allmörg togskip. Ákærði hefði heyrt á tali skipstjórnarmanna, sem þarna voru, að friðun á svæðinu gengi ekki í gildi fyrr en kl. 12:00 á hádegi þriðjudaginn 9. apríl. Ákærði hefði því verið í góðri trú við togveiðarnar um morguninn, þegar hann sá varðskipið koma á svæðið. Ákærði hefði fyrst við yfirheyrsluna séð fréttatilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins. Ákærði kvaðst hafa látið „trollið fara“ kl. 07:00 um morguninn og hefði togað með 3 til 3½ mílna ferð í SA, „þá verið um 6 sjómilur undan landi og togað í SA og suður. Hann hafi dregið 11 sjómilur í Eldey, en þá snúið við norður um.“ Um kl. 09:00 um morguninn hefði hann veitt varðskipinu athygli. Þá hefði hann verið utan friðaða svæðisins, en skömmu seinna snúið í átt að varðskipinu, sem var inni á friðaða svæðinu. Síðan segir í framburðinum: „Þannig hafi þeir varðskipsmenn nánast beðið þess að hann færi inn á „svæðið“ en það fyndist honum ekki rétt vinnubrögð, heldur hefði verið réttara hjá varðskipsmönnum að aðvara hann um að hann væri á leið inn á friðað svæði, þar sem hann hafi ekki vitað betur, svo sem áður er fram komið, en þetta „svæði“ væri opið togveiðum til hádegis í dag. Þá segist mætti vilja taka fram, að í gærðag hafi hann spurt stýrimanninn á Jóni Gunnlaugssyni, sem þarna var á togveiðum hvort ekki væri öruggt að svæðið væri opið til hádegis í dag og hafi hann jánkað því.“

Ákærði kom fyrir dóm í dag. Ákærði viðurkenndi, að hann hefði verið á veiðum á þeim stað og á þeim tíma, sem greinir í skýrslu vitnisins Helga Hallvarðssonar. Ákærði hefði verið í góðri trú, þar sem hann hefði talið, að veiðibannið á svæðinu hæfist ekki fyrr en kl. 12:00 á hádegi þann 9. þ.m. Veiðiferðin hefði hafist kl. 19:00 sl. fimmtudag frá Reykjavík. Fyrst hefði verið haldið út fyrir Jökul og síðan út fyrir Stafnes. Þar hefði verið kastað fyrst kl. 09:00 á laugardagsmorgun. Ákærði hefði haldið sig á þessum fiskislóðum, þar til varðskip kom að honum. Ákærði hefði verið í 2. togi eftir miðnættið hinn 8. þ.m., er hann var tekinn. Ákærði kvað

sína góðu trú hafa stafað af því, að hann hefði ekki fiskað út af Stafnesinu fyrr og hann hefði spurt skipstjórnarmenn á nærstöddum skipum, hvort svæðið væri opið. Þeir hefðu fullvissað sig um, að svo væri. Jafnframt hefðu þeir lesið upp úr Morgunblaðinu þessu til áréttingar.

Með framburðum vitnanna Helga Hallvarðssonar og Halldórs Gunnlaugssonar og játningu ákærða, er sannað, að ákærði var að botnvörpuveiðum, er varðskipið Týr kom að m.b. Hauki Böðvarssyni að morgni hins 9. þ.m. á svæði, þar sem allar veiðar með botnvörpu og flotvörpu eru bannaðar á tímabilinu frá og með 9. apríl til og með 15. maí 1985 samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 129/1985, sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 26. mars 1985.

Ákærði hefur borið fyrir sig, að honum hafi verið ókunnugt um, að bannið gekk í gildi strax eftir miðnættið hinn 8. apríl sl. Hann hafi talið það ganga í gildi á hádegi hinn 9. s.m. Hafi sú trú hans byggst á almennum skilningi skipstjórnarmanna á svæðinu. Verjandi ákærða hefur haldið því fram, að sú trú hafi byggst annars vegar á frétt í Morgunblaðinu hinn 27. f.m. og hins vegar á ákvæðum í 1. gr. reglugerðar nr. 155/1984 um bann við veiðum í þorskfisknet um páska 1984 og 3. gr. reglugerðar nr. 173/1984 um sérstök línu- og netasvæði út af Suðvesturlandi og Faxaflóa. Samkvæmt þessum reglugerðarákvæðum hafi togveiðibann hafist kl. 12:00 á hádegi og þorsknetaveiðar leyfðar samtímis. Almenn skoðun hefði verið sú, að eins væri nú. Samkvæmt 1. gr. reglugerðar nr. 129/1985, 2. gr., hefði átt að opna svæðið fyrir netaveiði kl. 12:00 umræddan dag. Á sl. ári hefði þetta fallið saman, að togveiðar hefðu verið bannaðar, um leið og netaveiðar voru heimilaðar. Menn hafi talið þetta vera eins nú.

Dómurinn telur, að sjávarútvegsráðuneytið sé óbundið af reglugerðum fyrra árs um veiðibönn, jafnvel þótt þau beri upp á sömu almanaksdaga eða stórhátíðir, og að skipstjórnarmenn geti ekki gefið sér, að sami háttur verði á frá ári til árs. Þeim beri að kynna sér til hlítar öll ákvæði um veiðiheimildir og veiðibönn og geti vegna almennra varnaðaráhrifa ekki borið fyrir sig lögvillu í þeim efnum með vísan til 3. tl. 74. gr. laga nr. 19/1940. Verður ákærði því ekki sýknaður af þeim sökum. Frétt um tilkynningu sjávarútvegsráðuneytisins í dagblaði breytir engu hér um. (Að auki les dómurinn ekki annað úr fréttinni en reglugerðinni).

Brot ákærða varðar við 2. mgr. 2. gr., sbr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 81/1976 og 3. gr. reglugerðar nr. 129/1985, sbr. enn fremur 1. gr. reglugerðar um fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 299/1975, sbr. lög nr. 44/1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, sbr. lög nr. 45/1974.

Samkvæmt vottorði frá sakaskrá ríkisins, dagsettu 10. þ.m., hefur ákærði hinn 16. febrúar 1977 undirgengist að greiða sekt að fjárhæð 4.500

krónur í sakadómi Ísafjarðar fyrir brot á 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Um frekari refsingar er ekki að ræða.

Ákærði hefur með háttarni sínu unnið til refsingar samkvæmt 1. tölulið 1. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 81/1976, þar sem togskipið Haukur Böðvarsson er 19,84 lengdarmetrar og 57,42 brúttórúmllestir, samkvæmt gögnum málsins.

Í vottorði Seðlabanka Íslands, dagsettu í dag, segir, að samkvæmt gullgildi íslenskrar krónu 10. apríl 1985 jafngilda 100 gullkrónur 1.843,49 kr.

Refsing ákærða ákveðst 185.000 króna sekt til Landhelgisjódís Íslands, sem greiðist innan 4 vikna, ella sæti ákærði varðhaldi í 3 mánuði.

Einnig skulu öll veiðarfæri í togskipinu Hauki Böðvarssyni ÍS 847, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs vera upptæk til Landhelgisjódís, samkvæmt 3. mgr. 17. gr. laga nr. 81/1976.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jónasar Haraldssonar hdl., að fjárhæð 6.000 krónur.

Það athugist, að samkvæmt gögnum málsins, er bærust með ákæru, var búið að ráðstafa afla togskipsins til útflutnings þá þegar, án þess að séð verði, að aflinn hafi verið vigtaður af löggiltum vigtarmönnum.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Hrólfur Ólafsson, greiði kr. 185.000 í sekt til Landhelgisjódís Íslands innan 4 vikna frá birtingu dómsins, ella sæti hann varðhaldi í 3 mánuði.

Öll veiðarfæri togskipsins Hauks Böðvarssonar ÍS 847, þar með taldir dragstrengir, svo og allur afli innanborðs skulu vera upptæk til Landhelgisjódís.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Jónasar Haraldssonar hdl., að fjárhæð 6.000 krónur.